

# Fornleifarannsókn á Innri-Hvanney í Bjarneyjum á Breiðafirði 2003

---



Adolf Friðriksson (ritstj.)

---

FS511-03266

Fornleifastofnun Íslands Reykjavík 2013

---



© Fornleifastofnun Íslands 2013  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)  
Heimasíða: [www.instarch.is](http://www.instarch.is)  
Forsíðumynd: Mynd Garðars Guðmundssonar af uppgrftarstað á  
Innri-Hvanney. Innfellda myndin er af vígtönn úr ísbirni  
(J.Woollett).

## Efni

Adolf Friðriksson, Garðar Guðmundson, Mjöll Snæsdóttir, Ragnar Edvardsson og Ruth

Maher:

Fornleifauppgröftur á Innri-Hvanney í Bjarneyjum á Breiðafirði 2003.....	5
Inngangur .....	5
Innri Hvanney.....	6
Uppgröftur.....	8
Vitnisburður beinaleifa.....	11
Pústir, vörður og dysjar við Breiðafjörð.....	13
Niðurstöður.....	15

James Woollett:

A Preliminary Zooarchaeological Investigation of Animal Bone Collections Innri Hvanney,

Bjarneyjar, Northwest Iceland.....	17
Introduction .....	17
Background to the Analysis .....	18
Overview of the Assemblage .....	18
Taphonomy.....	19
Overview of Species Present.....	19
Birds .....	22
Domesticated Mammals .....	22
Walrus .....	24
Large Pinnipeds.....	25
Seals .....	26
Discussion .....	27
References .....	32



Adolf Friðriksson, Garðar Guðmundson, Mjöll Snæsdóttir, Ragnar Edvardsson og Ruth Maher:

## **Fornleifauppgröftur á Innri-Hvanney í Bjarneyjum á Breiðafirði 2003**

### **Inngangur**

Sumarið 2003 var gerð lítilsháttar fornleifarannsókn á grjótpúst í Innri-Hvanney. Tilgangur rannsóknarinnar var að leita vísbendinga um aldur og fyrra hlutverk þústarinnar. Aðdragandi rannsóknarinnar var sá að Fornleifastofnun tók þátt í samnorræna verkefninu Fishing Communities of the North<sup>1</sup>, sem m.a. fól í sér rannsóknir í Bjarneyjum. Fór leiðangur norskra fornleifafræðinga undir stjórn Reidars Bertelsen í vettvangsferðir um Breiðafjörð og kortlagði ýmsar minjar í eyjunum, þ.á m. nefnda grjótpúst í Innri-Hvanney. Að ósk Bertelsen tók skýrsluhöfundur að sér að athuga staðinn nánar með grefti. Rannsóknin fór fram í blíðskaparveðri dagana 15. til 17. júlí 2003. Auk höfundar tóku Garðar Guðmundsson, Ragnar Edvardsson og Ruth Maher þátt í rannsókninni. Mjöll Snæsdóttir annaðist undirbúning þeirra. Þar sem ljóst var að snúið yrði að túlka eðli minjanna var aflað samanburðarefnis og gerði Sædís Gunnarsdóttir úttekt á dysjum og grjótpústum við Breiðafjörðinn í því skyni. James Woollett rannsakaði dýrabein sem fundust við uppgröftinn. Ævar Petersen og Jón Allansson veittu upplýsingar og aðstoð við heimildaleit. Leiðangurinn naut margvíslegrar hjálpar eigenda Bjarneyja, og þáði gistingu og flutninga á þeirra vegum. Er Ásgeiri Gunnar Jónssyni og Jóni Erni Friðrikssyni þökkun liðveislan. Rannsóknin var styrkt af NOS-H og Laval háskóla.

---

<sup>1</sup> Reidar Bertelsen og Alf Ragnar Nielssen, 2003, Fishing Communities of the North AD 800-1800 (FCN). I: *Fiskerihistorisk årbok*. Bergen: Norsk Fiskerimuseum 2003, s. 381-383.

## Innri Hvanney

Bjarneyjar eru sem kunnugt er eyjaklasi á miðjum Breiðafirði, skammt sunnan Flateyjar og Svefneyja. Í kjarna hans eru Heimaey og Búðey. Skammt austan þeirra eru tvær samhangandi eyjar, Innri- og Ytri-Hvanney<sup>2</sup>. Innri-Hvanney er aflöng, með stefnu frá SV til NA, um 400 m löng og 50 m breið. Á ströndinni eru klettur og hvítur sandur, en eyjan er vaxin melgresi. Að norðanverðu, við austurenda eyjarinnar er sandeyri, Hvanneyjarsandur. Helsta lendingin í eyinni er vestan megin við sandeyrina, þ.e.a.s. að norðanverðu við eyna<sup>3</sup>.

Norðantil á eyinni er stakur klettur við sjóinn, kallaður Dómastóll. Í örnefnaskrá segir: „Þar átti sakamaður að hafa verið dæmdur, tekinn af lífi og dysjaður við klettinn. Þar sézt nú mikil grjóthrúga, sem stækkar jafnvel enn<sup>4</sup>.“

Svipaða lýsingu er að finna hjá Bergsveini Skúlasyni: „Þar [í Innri-Hvanney] er örnefnið Dómastóll eða Dómstóll. Ber það klettur. Að honum hefur einhvern tíma verið borin mikil grjóthrúga, en er nú mjög sokkin í jörð. Undir henni á að liggja sakamaður, er dæmdur var og drepinn þar í eyjunum og síðan dysjaður við klettinn<sup>5</sup>.“

Bergsveinn getur þess að hann hafi ekki séð dysina sjálfur, en hefur söguna frá manni sem hann nafngreinir ekki, en er nákunnugur í eyinni. Hann nefnir samskonar umbúnað í Þorkelsey í Skáleyjarlöndum. Um þessar dysjar segir hann:

„Ekki er ósennilegt, að í heiðnum sið hafi sjórekin lík verið dregin undan sjó og dysjuð þar sem þau bar að landi. Þætti mér líklegra, að dysin í Hvanneyjum væri þannig til komin, heldur en dómar hafi verið kveðnir upp í eyðieyjum<sup>6</sup>.“

Svo virðist sem lýsing á Dómastól og þústinni hafi skolast til, enda ekki um sama stað á eyinni að ræða. Sigurður Sveinbjörnsson frá Bjarneyjum hefur leitast við að leiðrétta þennan misskilning:

“Bergsveinn Skúlason hefur skrifað um Innri-Hvanney, en vegna þess að höfuðstóll sögunnar er frá mér, er ég ekki fullkomlega ánægður með frásögnina. Rústin ... er vestan til á miðri eyju. Bergsveinn segir eftir mér, að hún sé upp við klettinn, sem kallast Dómastóll. En það er fjarstæða. Sjórin er þar alls ráðandi<sup>7</sup>.“ Dómastóll er spottakorn norðar á eyinni<sup>8</sup>.

<sup>2</sup> Um Bjarneyjar sjá t.d.: Guðmundur J. Einarsson, 1949, „Eyðieyjar á Breiðafirði.“ *Árbók Barðastrandarsýslu* 2, s. 54-56.

<sup>3</sup> Örnefnaskrá [hérefniskammst. Ö-], Bjarneyjar, 7, ópr, Árnastofnun, Reykjavík.

<sup>4</sup> Ö-Bjarneyjar, 7.

<sup>5</sup> Bergsveinn Skúlason 1964, „Bjarneyjar.“ *Sunnudagsblað Tímans* 3:22, s. 516-519, 526 (hér s. 518).

<sup>6</sup> Bergsveinn Skúlason [1952] 1964, „Dokað við í Vestureyjum Breiðafjarðar“, *Um eyjar og annes I. Ferðabættir og minningar frá Breiðafirði*. Reykjavík, Fróði, s. 198-199.

<sup>7</sup> Sigurður Sveinbjörnsson, 1974, *Bjart er um Breiðafjörð: Frásagnir og minningabrot frá Breiðafirði*. Reykjavík, Leiftur, s. 29-30.

<sup>8</sup> sama rit. s. 21.

Um grjótpústina hinsvegar segir Sigurður Sveinbjörnsson:

“Rústin hlýtur að vera af manna höndum gjörð, því að engir steinar eru þar, nema merkjasteinar, sem auðvitað sökkva fljótt í sandinn. Vitanlega er þar í fjörunni fastagrjót, sem ver eyjuna allvel fyrir ágangi sjávarins. Mér hefur oft verið hugsað til þessarar grjótrústar, hvað hún hafi raunverulega að geyma. Klettur mikill er þar skammt frá, sem heitir Dómastóll. Þess vegna kemur mér oft í hug, hvort sá dæmdi muni ekki vera undir rústinni. Þarna væri verk fyrir fornleifafraeðinga.”<sup>9</sup>



Mynd 1. Rannsóknarsvæði, fyrir uppgröft. Grjótpústin er að mestu þakin melgresi. Horft er til suðurs, í átt að Ytri-Hvanney, Snæfellsjökull í fjarska.

Þessa sömu þúst skoðuðu norsku fornleifafraeðingarnir Reidar Bertelsen og Børge Evensen þann 28. júní 2002<sup>10</sup>. Í lýsingu þeirra segir að þar sé grasi vaxin grjótrúst, um 7 m í þvermál og um hálf metra há. Virtist þeim sem það væri hvilft í miðju hennar og minnti á ræningjaholu. Austan til sást í lábarið grjót<sup>11</sup>. Líktist þústin einna helst rofnum haugi og virtust sagnir og örnefni gefa til kynna að þar kynni að leynast einhverskonar legstaður. Var á það látið reyna með uppgræfti.


<sup>9</sup> Sigurður Sveinbjörnsson: *Bjart er um Breiðafjörð*, s. 29-30.

<sup>10</sup> UTM, 27W, 0415902/7240350 +/-3

<sup>11</sup> Munnl. upplýsingar frá Reidar Bertelsen.

## Uppgröftur

Grjótþústin á Innri-Hvanney er 75 m í NA frá suðurodda eyjarinnar, og 12 m SA frá efri brún sjávarbakkans. Eyjan er fremur flatlend, en landið hækkar ögn til vesturs og suðurs. Grjótþústin er nokkurn veginn á hæsta punkti eyjarinnar. Hún var heldur ógreinileg vegna melgresisþekjunnar, en austan í henni sást í bert grjót, auk þess sem vel mátti finna fyrir öðru grjóti þar sem það lá rétt undir grasinu. Eyjan er að öðru leyti sendin og gróin.



Mynd 2. Innri-Hvanney. Rauði hringurinn sýnir staðsetningu grjótþústarinnar. Teiknað eftir loftmynd LMÍ (c).

Í raun var ekki um mikinn uppgröft að ræða, heldur fólst verkið einkum í því að rífa gróðurþekjuna ofan af hinu meinta mannvirki, og burstu sand ofan af steinunum. Svæðið sem þannig var opnað var 7 m á hvorn veg. Við ýmist rifum upp melgresið, eða stungum burtu rótarlag og fjarlægðum lausan jarðveg. Var hann sambreyskingur af mold og sandi, og mjög laus í sér. Blasti þá við óregluleg grjótbreiða með allstóru grjóti. Var hún 6 m löng (A-V), og 4.60 m breið (N-S). Mesta dýptin á holunni var einungis um 20 sm og nokkrir steinar stóðu upp úr grasinu. Rústin er hæst suðaustast og aðalbingurinn var sunnanmegin í skurðinum. Hæsti punktur er um 50 sm ofan við lægstu sýnilegu steina. Norðanmegin var gisin grjót dreif




og virtist vera hrun úr grjótkjarnanum sunnanmegin.

Við uppgröftinn plokkuðum við burt sand og mold milli steina, og fundum talsvert af dýrabeinum, sem lágu inn á milli steina og undir þeim. Hinsvegar fannst engin eiginleg grjóthleðsla, og ekki gripir, eða annað sem bentu til mannaferða. Eitthvað af minni beinunum gæti hafa verið aðborið af fugli, eða feykst með vindi og sest í glufur á milli steina. Hinsvegar voru einnig stærri bein, bæði af land- og sjávarspendýrum, með áverkum sem bentu til þess að þar hafi mannshöndin komið nærri. Gerður var uppdráttur af steinunum og þeir síðan fjarlægðir. Undir þeim var engin gröf og enginn sýnilegur niðurgröftur af neinu tagi. Á einum stað fyrir miðri holu var lítill flekkur með kolaleifum og agnarsmáum flísum af brenndum beinum. Að öðru leyti lágu steinarnir ofan á ljósum fjörusandi.



Mynd 3. Grjótpúst við uppgröft. Gróður og laus jarðvegur hefur verið fjarlægður. Myndin er tekin úr suðri. Neðst til hægri blasir við hæsti hluti þústarinnar.

Greinilegt er að þessi grjótpúst getur ekki verið náttúrumyndun, en á hinn bóginn er ekki ljóst hverskonar mannvirki hér hefur verið. Hafi gras í eygni verið slegið, gæti grjótið hafa verið tínt úr slægjulandinu og safnað saman í hrauk. Hinn möguleikinn er að grjótið hefur verið tínt upp úr fjörunni og það hlaðið eða því raðað saman, annaðhvort í e.k. stétt eða þá hrauk, sem er að mestu hruninn. Beinin eru líklegast matarleifar og annar úrgangur eftir þá sem hafa dvalið eða starfað á staðnum. Ekki er fullvíst að bein orsakasamband sé milli hrauks og beina. Áður en ályktað verður um eðli mannvirkisins er nauðsynlegt að athuga annarsvegar hverskonar samsetning beina er hér um að ræða og hinsvegar hvort grjótpústin svipi til annarra mannvirkjaleifa sem þekktar eru.



Mynd 4-5. Grjótbreiðan, grunnflötur.

\_\_\_\_\_ 1 m



## Vitnisburður beinaleifa

Hildur Gestsdóttir fornmeinafræðingur og James Woollett dýrabeinafræðingur hafa rannsakað beinasafnið. Hildur kvað úr um að á meðal beinanna voru engin mannabein<sup>12</sup> og er því engin sérstök ástæða til að gera ráð fyrir þeim möguleika að hér hafi verið grafnir sakamenn eða sjórekin lík.

Dr. Woollett taldi 462 bein og brot úr beinum úr dýrum. Hann hefur flokkað þau til tegunda eftir því sem unnt var og er greining hans birt aftan við þessa skýrslu.

Beinin eru vel varðveitt. Á yfirborði þeirra mátti sjá að sum höfðu flagnað og veðrast og því væntanlega legið á yfirborði um einhverja hríð. Á öðrum vottar fyrir lítilsháttar ætingu af völdum síru í jarðveginum. Við athugun í smásjá kom í ljós að fáein bein (2.6% af heildinni) báru þess merki að hafa verið nöguð, af hundi eða öðrum kjötætum. Sömu sögu er að segja um vísbendingar um slátrun. Aðeins örfá bein (3.0%) sýna að dýrið hefur verið skorið eða hoggið með hníf eða öxi. Ekkert beinanna var brennt, en örsmáar, brunnar beinflögur voru í kolafleknum undir steinhrugaldinu.

Beinin sem fundust á Innri-Hvanney eru enganveginn dæmigerð fyrir venjulegan beinaúrgang sem finnst við bústaði á Íslandi. Algengast er að finna fiski- og húsdýrabein í miklu magni í öskuhaugum. Í þessu safni er hinsvegar lítið af þeim, enda samanstendur það fyrst og fremst af beinum úr sjávarspendýrum og fuglum.

Meðal fiskbeina sem unnt var að greina til tegundar fundust eingöngu bein úr þorski og steinbít, og eru það einkum höfuðbein. Ein stór kúfiskskel fannst meðal beinanna.

Fuglabeinin eru talsvert fjölbreyttari. Flest eru þau úr lunda (21% af öllum beinum), en einnig úr álku, haftyrdli og langvíu. Þar eru einnig æðarfugl, stökkönd, skarfur, teista og svartbakur.

Á meðal hinna fáu húsdýrabeina var aðeins eitt bein úr kálfi en hin eru úr afturpart af fullorðinni kind eða geit og verður ekki greint þar á milli. Má vera að þau (5 bein) séu öll úr sömu skepnunni.

Meðal beinanna voru bein úr ísbirni. Þar eru höfuðbein, afturlimir og líklega brotin rifbein og hryggjarliðir, úr fullorðnum og fremur stórum einstaklingi, sem hefur líklega ekki verið við

---

<sup>12</sup> Munnl. uppl.

góða heilsu (mergjarbólga). Öll gætu beinin verið úr einu dýri. Á nokkrum beinunum eru fleiður og höggmerki, væntanlega frá því að dýrið var húðflett. Ísbirnir eru flækingsdýr á Íslandi, bætist beinafundurinn í Innri-Hvanney við aðrar heimildir um u.þ.b. 660 dýr í um 300 tilvikum sem þekkt eru um bjarndýrakomur við landið<sup>13</sup>.

Mörg beinanna reyndust vera úr rostungum (3-4 einstaklingum, einn fullorðinn en hinir kópar), einkum höfuð og kjálkabein, og útlimir. Talsverðir áverkar eru á hausbeinum, enda þykk og talsvert hefur verið haft fyrir að ná dýrmætum rostungstönnunum. Hinsvegar eru ýmis fleiri bein en hausbein og bendir það til þess að heilir skrokkar hafi verið verkaðir á staðnum. Er kunnugt um 300 dýr í 270 tilvikum um flækingsdýr við Ísland<sup>14</sup> og rostungsbein finnast stundum við Faxaflóa og Breiðafjörð<sup>15</sup>. Í heimildum er og getið rostungstanna í Hvanneyjum<sup>16</sup>. Ævar Petersen, sem safnað hefur upplýsingum um rostunga við landið bendir á að athyglisvert sé að við uppgröftinn hafi fundist bein úr rostungskópum. Er þessi fundur í Innri-Hvanney eina tilfellið sem honum er kunnugt um.

Allmörg selbein fundust á staðnum, bæði af kópum og fullorðnum dýrum. Þau sem hægt var að greina til tegundar reyndust vera úr landsel. Þar eru hryggjarliðir, hausbein, rifbein og útlímabein. Er líklegt að heilir selir hafi verið dregnir á staðinn og skornir þar.

Beinafundurinn í Innri-Hvanney er svo lítil að það er vandasamt að túlka hann. Það er athyglisvert við samsetninguna hve lítið er af fiskbeinum, en að hún er að öðru leyti svo fjölbreytt: ísbjörn, fullorðnir og mjög ungir rostungar og selir, og margar fuglategundir.

---

<sup>13</sup> Sbr. bréf Ævars Petersen til Adolfs Friðrikssonar, dags. 20. maí 2013. Sjá einnig: Ævar Petersen & Þórir Haraldsson 1993, “Komur hvítabjarna til Íslands fyrr og síðar”, í: Páll Hersteinsson & Guttormur Sigbjarnarson (ritstj.), *Villt íslensk spendýr*. Hið íslenska náttúrufræðifélag - Landvernd, Reykjavík, s. 74-78; Ævar Petersen 2010, “Hvítabjarnakomur á Íslandi, einkum á Norðurlandi, ásamt almennum upplýsingum”, í: Þorsteinn Sæmundsson, Helgi P. Jónsson & Þórdís V. Bragadóttir (ritstj.), *Húnavetnsk náttúra 2010*. Málþing um náttúru Húnavatnssýslna á Gauksmýri 10. apríl 2010. Náttúrustofa Norðurlands vestra NNV-2010-003, s. 21-23.

<sup>14</sup> Sbr. bréf Ævars Petersen til Adolfs Friðrikssonar, dags. 20. maí 2013. Sjá einnig: Ævar Petersen 1993, “Rostungar við Ísland að fornu og nýju”, í: *Villt íslensk spendýr... sama rit*, s. 214-216.

<sup>15</sup> Sbr. bréf Jóns Allanssonar, Byggðasafni Akraness og nærsveita, til Adolfs Friðrikssonar, 22. maí 2013.

<sup>16</sup> Bergsveinn Skúlason 1977, *Bréf og bögglar*. Bókaútgáfa Þórhalls Bjarnarsonar, Reykjavík, s. 155; Lúðvík Kristjánsson 1986, *Íslenskir sjávarhættir*, 5. bindi, Menningarsjóður, Reykjavík, s. 109.

## Pústir, vörður og dysjar við Breiðafjörð

Grjótþústin sem rannsökuð var í Innri-Hvanney ber engin afgerandi einkenni sem skipar henni í tiltekinn flokk mannvirkja, og beinaleifarnar skera heldur ekki úr um hlutverk og eðli hennar. Þar að auki fundust engar vísbendingar um aldur minjanna. Er því úr vöndu að ráða. Samanburður hefur jafnan verið helsta rannsóknartæki fornleifafræðinnar. Við töldum því ekki ómaksins vert að bera minjarnar saman við samsvarandi staði. Var því gerð lítilsháttar athugun á fyrirliggjandi upplýsingum um hverskyns þústir, dysjar og vörður við Breiðafjörð. Því miður er almennri fornleifaskráningu ábótavant á svæðinu og hafa einungis minjar á fáeinum jörðum verið skráðar á vettvangi, þ.e.a.s. á stöku stað á norðanverðu Snæfellsnesi, í Dölunum og á sunnanverðum Vestfjörðum. Heimildir um þessi efni er því helst að finna í örnefnum sjávarjarða við flóann.

Athugun á vísbendingum sem leynast í örnefnum leiddi í ljós að nokkuð er um allskonar mannvirki hlöðnum úr grjóti, kofarústir, vörður og dysjar. Fá þeirra hafa verið rannsökuð með grefti. Ragnar Edvardsson gróf upp svonefnda dys í Kollafirði, í landi Galtarár. Samkvæmt munnmælum átti þar að hafa verið dysjaður maður, en í ljós kom að svo var ekki, heldur reyndist þar hafa verið e.k. varða. Taldi rannsakandinn, að líklegast hafi hún verið siglingamerki við mynni fjarðarins<sup>17</sup>. Í Hergiley var önnur grjótþúst rannsökuð með grefti. Var hún talin svipa til dysja. Engin gröf fannst í henni og hefur verið stungið upp á að grjóthrúgaldið væru leifar af sökklí undan fiskhjalli<sup>18</sup>.

Hleðslan í Kollafirði fellur í þann flokk mannvirkja sem virðist algengastur á ströndinni kringum Breiðafjörð. Á svæðinu öllu er að finna vörður niður við sjó. Lausleg athugun á tíðni örnefna sýnir að nöfnin “Vörðunes” og “Vörðutangi” eru óvenju algeng hringinn í kring.

Þannig er örnefnið Vörðunes m.a. að finna í Mjóafirði, Kerlingarfirði<sup>19</sup>, Kvígingisfirði<sup>20</sup> og Skálmarfirði<sup>21</sup>. Samsvarandi er örnefnið Vörðutangi, en það finnst m.a. á Fellsströndinni<sup>22</sup>, Skógarströnd<sup>23</sup> og í Eyrarsveit<sup>24</sup>. Út í eyjunum eru vörðuörnefni algeng: Vörðuhólmi<sup>25</sup>,

---

<sup>17</sup> Ragnar Edvardsson, 2006, *Dys í landi Galtarár í Reykhólahreppi. Fornleifarannsókn*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 3-06.

<sup>18</sup> Guðrún Alda Gísladóttir o.fl., 2009, *Hergilsey*, Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS432-08053, s. 58-59.

<sup>19</sup> Ö-Fjörður, 14, Ö-Skálarnesmúli JH, 5.

<sup>20</sup> Ö-Kirkjuból AG, 3.

<sup>21</sup> Ö-Selsker AG, 1.

<sup>22</sup> Ö-Ytrafell, 2.

<sup>23</sup> Ö-Keisbakki LK, 1

<sup>24</sup> Ö-Hellnafell.

<sup>25</sup> Ö-Ingunnarstaðir, 3 og Ö-Heinaberg SJ, 3.

Vörðuhólmaflaga<sup>26</sup>, Vörðusker<sup>27</sup>, Vörðuey<sup>28</sup>.

Athyglisvert er að sker og hólmar hljóta nöfn af þeim vörðum sem reistar hafa verið í þeim. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða hlutverki þessar vörður gegndu, en þær gætu hafa verið landamerki, eyktarmörk, mið eða jafnvel landmælingavörður. Í Langaskeri við Króksfjarðarnes er t.a.m. varða sem ku hlaðin af dönskum landmælingamönnum<sup>29</sup> og önnur slík er í Höskuldsey<sup>30</sup>. Nefnt er í þessum heimildum að einstaka vörður séu mið eða siglingamerki. Ekki eru til upplýsingar um hvort allar þessar vörður séu samskonar, eða hvort hugsanlega megi flokka þær eftir útliti og gerð. Staðsetning þeirra getur þó gefið sterkar vísbendingar um notagildið, þ.e. hvort þær séu á merkjum, við sjó, lendingarstaði eða ekkert af þessu og þá líklega e.k. mið eða þá jafnvel leifar af dysjum. Vörður er vitaskuld að finna í hverri sveit, en óvída eru þær jafnmargar og á Breiðafjarðareyjum. Auk þeirra sem áður voru nefndar, þá eru vörður m.a. í Heiðnarey<sup>31</sup>, Stóra-Svartaskeri (siglingamerki út Hvammsfjörð)<sup>32</sup>, í Kálhólma<sup>33</sup>, Fagurey<sup>34</sup>, Bíldsey<sup>35</sup>, Gjarðey<sup>36</sup>, Súgandisey<sup>37</sup>, Ólafsey<sup>38</sup>, Efri-Langey<sup>39</sup>, Arney<sup>40</sup>, Öxney<sup>41</sup>.

Vörðurnar eru fleiri í þeim eyjum þar sem föst búseta var. Í Rúfeyjum eru t.a.m. allnokkrar vörður og til lýsingar á notagildi þeirra: ein er upp á háum hól (Sjónaukahól), önnur er eyktarmark og heitir Nónvarða, og fleiri sem notaðar voru sem leiðarmerki<sup>42</sup>; í Brokey er allt krökkt af vörðum og vörðubrotum<sup>43</sup> og þannig mætti lengi telja. Flestar eru vörðurnar þar sem rækileg skráning á fornleifum hefur farið fram<sup>44</sup> og því líklegt að vörður á Breiðafirði séu æði

---

<sup>26</sup> Ö-Fjörður, 4.

<sup>27</sup> Ö-Svínanes ÆP, 1.

<sup>28</sup> Ö-Skálarnesmúli JH, 11; Ö-Skálarnesmúli (aths.).

<sup>29</sup> Ö-Króksfjarðarnes HJ, 3.

<sup>30</sup> Ö-Höskuldsey BJ, 2.

<sup>31</sup> Ö-Skálarnesmúli (aths.), 3.

<sup>32</sup> Ö-Staðarfell, 13-14.

<sup>33</sup> Ö-Ballaró EJP, 9.

<sup>34</sup> Ágúst Ólafur Georgsson, 1989, „Byggðaleifar í Fagurey“, *Breiðfirðingur*, XLVII, s. 7-24 (hér s. 10), Ö-Fagurey KE, 5.

<sup>35</sup> Ö-Bíldsey, EGP, 2.

<sup>36</sup> Ö-Gjarðey, 4.

<sup>37</sup> Ö-Höskuldseyjarmið, 4.

<sup>38</sup> Ö-Ólafsey SS, 1.

<sup>39</sup> Árni Björnsson, 1989, „Eyjar í Snæfellsnes- og Dalasýslum“, *Árbók Ferðafélags Íslands. Breiðafjarðareyjar*, s. 53 - 134 (hér s. 116).

<sup>40</sup> Ö-Arney, 2.

<sup>41</sup> Ö-Öxney, 7.

<sup>42</sup> Ö-Rúfeyjar 2-3, Guðlaugur Valdimarsson, 1975, „Rúfeyjar“, *Brreiðfirðingur* 34, s.55-61, hér s. 57-58.

<sup>43</sup> Ö-Brokey LK, 1-3,5, Ö-Brokey JVH, 1-2,5.

<sup>44</sup> Guðrún Alda Gísladóttir o.fl., 2009, *Hergilsey*, Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS432-08053; Stefán Ólafsson o.fl., 2009, *Akureyjar. Aðalskráning fornleifa*, Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands,

margar ef allt væri talið. Til viðbótar vörðum og dysjum er slangur af öðrum grjóthlöðnum mannvirkjum, s.s. skotbyrgi<sup>45</sup> og aðrar litlar kofarústir, en þær eru jafnan með sémilega reglulegum veggjarhleðslum - jafnvel þótt þær hafi hrunið saman - og því ekki líkar grjótpústinni í Innri-Hvanney.

Hvað örnefnið “Dómastóll” í Innri-Hvanney varðar, þá eru ýmis “dóm-“ örnefni til víða. Algengast eru svonefndir Dómhringar<sup>46</sup>, en einnig eru dæmi á borð við Dómsvörðu, Dómhól, eða Dómarahvamm. Í Skjaldarey í Svefneyjum heitir tengingslaga steinn þar Dómstóll, og þar er klettur, Dómsæti<sup>47</sup>. Sum þessara örnefna eru á gömlum þingstöðum, en flest eru það ekki. Þau falla í flokk með örnefnum á borð við Gálga eða Gálgakletta og önnur slík sem Þjóðsagan segir að séu gamlir aftökustaðir.

Í raun þá er lítil von til að staðreyna í hvaða tilgangi grjóti er hrúgað saman, og örnefnin geta rétt eins verið spunnin af ágiskun. Í Skáleyjum er t.a.m. Þorkelsey og þar er enn ein grjóthrúgan. Er henni lýst sem dys og sagt er að þar eigi Þorkell Eyjólfsson, sem nefndur er í Laxdælu, að vera heygður<sup>48</sup>. Reyndar er tilgreint í sögunni að Þorkell hafi farist við Bjarneyjar<sup>49</sup>. Eins hefur verið bent á að þessu grjóti hafi hugsanlega verið hrúgað saman til að hreinsa slægjuland<sup>50</sup>.

## Niðurstöður

Rannsóknin í Innri-Hvanney hefur leitt í ljós að dysin þar er ekki gamall legstaður. Þar fundust engin mannabein og annar umbúnaður svipar ekki til þekktra graftrunarstaða. Því er við að bæta að staðsetningin er heldur ólíkleg. Flestar heiðnar grafir er að finna í nágrenni við bæina, en ekki fjarri byggð, á reginfjöllum eða óbyggðum eyjum<sup>51</sup>. Er kumlið í Álaugarey við Hornafjörð eina þekkta dæmið um heiðna gróf á eyju hér á landi<sup>52</sup>.

---

FS431-08052.

<sup>45</sup> Ö-Neðri-Lángey EGP, 6 og 16; Guðrún Alda Gísladóttir, *Hergilsey*, ...s. 57, 68-9.

<sup>46</sup> Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, „Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar“, *Saga*, XXX, 1992, s. 7-79.

<sup>47</sup> Ö-Svefneyjar, 2 og 8; Ö-Svefneyjar (aths.), 6.

<sup>48</sup> Ö-Skáleyjar, 11 og 12; Ö-Skáleyjar (aths.), 11.

<sup>49</sup> *Laxdæla saga*... Einar Ól. Sveinsson gaf út, Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag, (*Íslensk fornrit*, V), 1934, 76. kap.

<sup>50</sup> Þorsteinn Jónsson (ritstj.), 1996, *Eylenda: mannlíf í Flateyjarhreppi á Breiðafirði*, I. Byggðir og bú, Reykjavík, s. 339.

<sup>51</sup> Adolf Friðriksson, *La place du mort. Les tombes vikings dans le paysage culturel islandais*, (thèse de doctorat, ópr.), Paris, Université Paris - Sorbonne, 2013.

<sup>52</sup> Kristján Eldjárn og Adolf Friðriksson, *Kuml og haugfé*, Reykjavík, M&M, 2000, s. 240-241.

Ljóst er af dýrabeinunum og áverkum á þeim að við grjótpústina í Innri-Hvanney hefur fólk hafst við og verkað þar veiðibráð sína, fisk, fugl, seli og rostunga. Bein úr búfénaði vitna um að annaðhvort hafa einhverntíma verið kýr og kindur (eða geitur) hafðar í eygni, en líklegra er að þau séu leifar af matvælum sem menn hafa borið með sér. Beinasafnið í heild er afar lítið og gefur ekki tilefni til að ætla að þar í grennd hafi verið bústaður. Ekkert í eða við þústina bendir til þess að einhver hafi haft þar langa viðdvöl. Ekki er óhugsandi að þústin sé rúst eftir e.k. kofa eða skýli, en það verður að teljast ósennilegt. Engar eiginlegar veggjahleðslur sáust, engar stoðarholur og ekkert gólflag. Að frátöldum litlum kolaflekk var ekki að sjá að þar hafi verið kynntur eldur. Ekkert eldstæði fannst og ekki sáust eldsmerki á steinum. Með hliðsjón af staðetningunni, þá er þústin þar að auki á skjólminnsta blettinum, á hábungu eyjarinnar.

Grjótið og beinin í Innri-Hvanney mætti mögulega skýra á eftirfarandi veg:

Miðað við öll þau kynstur varða á Breiðafirði, sem hlaðnar hafa verið í hverju nesi, skeri, hólma og eyju, þá er líklegt að ein slík hafi og verið í Innri-Hvanney. Líklegasti staðurinn er vitaskuld hæsti staðurinn á eyjunni. Hefur hún þjónað sem leiðarmerki, enda ekki vanþörf á þar sem vandasamt er að sigla milli boða, skerja og rasta við eyjarnar á Breiðafirðinum. Varðan gæti líka hafa verið hlaðin sem mið, eða í þeim tilgangi að skipta eygni í reiti fyrir þá sem afnot höfðu af henni fyrr á tíð. Ekki er útilokað að það leynist fleiri vörður eða merkjasteinar á eygni, þótt ekki sæi til þeirra, í djúpu melgresinu sem prýddi allt yfirborð eyjarinnar í júlí 2003. Loks gæti hrúgaldið í raun verið einfaldlega steinar sem tíndir voru uppúr slægjulandi og hent saman í kös.

Á þessum sama stað hefur verið gert að fiski og annar afli verkaður til skamms tíma. Beininn eru svo fá að útilokað er að þar hafi verið viðvarandi verkun, heldur frekar tilfallandi aðgerð.

Varðan eða kösin hefur síðan smám saman hrunið niður. Þegar grannt er skoðað virðist vera kjarni úr grjóti í suðausturhorni rannsóknarsvæðisins, þar sem hæstu steinanir lágu við upphaf uppgrafar. Þar gæti varðan hafa staðið, en síðan hrunið til norðurs og vesturs. Hrunin varðan getur minnt á rúst eða dys, jafnvel dys með lægð í kollinn, líkt og norðmennirnir töldu sig sjá í vettvangsferðinni 2002. Nálægðin við örnefnið Dómastóll hefur síðan leitt til þess að grjótpústin í eygni hefur verið álitin mögulegur greftrunarstaður fyrir dæmda sakamenn. Nema þessu sé öfugt farið: að dysin hafi kallað á skýringar, og því orðið til dóms-örnefni yfir óvenjulegan eða áberandi klett við fjöruborðið. Óþekktar fornleifar á borð við þústina í Innri-Hvanney hafa löngum orðið kveikjan að sögum og skýringartilraunum sem birtast í sérkennilegum örnefnum.



James Woollett

## **A Preliminary Zooarchaeological Investigation of Animal Bone Collections Innri Hvanney, Bjarneyjar, Northwest Iceland**

### **Introduction**

